

Hvaða spurningum reynir hagfræðin að svara?

3

Öll hagkerfi þurfa að leita svara við eftirfarandi spurningum:

1. Hvaða vörur á að framleiða og hversu mikið á að framleiða af hverri vöru?

Á framleiðsluáðrinum í kaflanum á undan var framleiddur bæði fiskur og kjöt. Ef við ætlum að nýta framleiðsluþættina til hins ýtrasta og skapa fulla atvinnu hjá þjóðinni, þá staðsetjum við okkur einhvers staðar á línunni AB á framleiðsluáðrinum. En hvar á línunni eigum við að vera? Hversu mikið kjöt og hversu mikinn fisk eigum við að framleiða? Þessi ákvörðun er ýmist tekin á markaði eða af stjórnvöldum.

Þegar magnið og framleiðslan hafa verið ákveðin vaknar strax næsta spurning.

2. Hvaða aðferð hentar best í framleiðslunni?

Eigum við t.d. að framleiða með mannaflafrekri eða fjármagns-frekri aðferð? Margir mundu eflaust svara því þannig að við ættum að velja þá aðferð sem væri tæknilega fullkomnust eða þá aðferð sem tæki stystan tíma. En þetta er ekki endilega rétta svarið.

Í löndum þar sem mikið er af vinnuafli og það er þess vegna ódýrt nota menn mannaflafrekar aðferðir en í löndum þar sem vinnuaflið er dýrt þar spara menn vinnuafli og nota þess í stað vélar eða annað fjármagn.

Við veljum alltaf ódýrustu aðferðina í framleiðslunni að því gefnu að sú forsenda hagfræðinnar sé rétt að markmið framleið-

andans sé hámarksgróði. Þetta þýðir að framleiðendur eru taldir leitast við að hafa sem mestan mun á tekjum sínum og gjöldum. Þeir velja því alltaf ódýrustu aðferðina til að hámarka hagnað sinn af framleiðslunni.

Ef framleiðendur hafa annað markmið með framleiðslunni en hámarksgróða, t.d. að veita sem flestum þegnum greiðan aðgang að menntun og heilbrigðisþjónustu, gæti vel farið svo að við veldum ekki endilega ódýrustu aðferðina heldur þá aðferð sem gæfi besta raun við að ná þessu ákveðna markmiði.

Við byggðum heilsugæslustöðvar og framhaldsskóla í fámennum og afskekktum byggðarlögum þótt mun ódýrara væri að hafa færri og stærri einingar. Því aðgengilegri sem þjónustan er fyrir íbúana þeim mun fleiri geta nýtt sér hana.

Póstþjónustan var ekki byggð upp til að græða á henni heldur í þeim tilgangi að tryggja öllum sambærilega pósthjónustu á svipuðu verði hvar sem var á landinu. En auðvitað er miklu dýrara að veita þjónustu af þessu tagi í dreifbýli en í þéttbýli. Fyrirtæki í pósthjónustu sem stefnir að hámarksgróða mun því aldrei veita sambærilega þjónustu á sama verði úti á landi og á þéttbýlissvæðunum á suðvesturhorni landsins nema ef opinberir aðilar kjósa að greiða niður þjónustuna fyrir fólkið á landsbyggðinni.

3. Hverjir eiga að nýta framleiðsluna?

Hér komum við að spurningunni um skiptingu framleiðslunnar milli þegnanna. Við framleiðum fisk og kjöt með þeim framleiðsluþáttum sem til eru, en hver á nú að fá að borða allt þetta kjöt og allan þennan fisk?

Hver kannast ekki við söguna um litlu gulu hænuna sem fann fræið, sáði því, malaði síðan hveitið, bakaði brauðið og át það síðan allt sjálf. Í sögunni borðaði litla gula hænana alla framleiðsluna en hundurinn, kötturinn og svínið sem nenntu ekki að vinna fengu ekki neitt. Þeir sem framleiða vörur sem seljast fyrir hátt verð á mörkuðum fá miklar tekjur og geta keypt sér það sem þá skortir. En ættum við ekki að selja þeim þjóðum sem þjást af matarskortri kjötið og fiskinn sem við framleiðum? Þurfa þær ekki mest á honum að halda?

Fiskurinn okkar fer aðallega til Evrópusambandsins, EFTA-landanna og Bandaríkjanna. Þetta eru allt svæði sem búa við



umframframleiðslu á matvælum og hafa einna hæstar tekjur í heiminum. Til þess að kaupa fisk af Íslendingum þarf tekjur og það eru ekki miklar tekjur á hvern íbúa í fátækustu löndunum þar sem mörg börn þjást af næringarskortri. Sjómennirnir okkar eiga fyrir sínum fjölskyldum að sjá og útgerðarmaðurinn þarf að greiða þeim sinn hlut fyrir veiðarnar. Hann verður því að fá tekjur fyrir fiskinn. Það eru því þeir sem hafa tekjur og geta keypt vörurnar sem fá framleiðsluna sem seld er á markaði. Fátækt fólk í Afríku sem þjást af eyðni kaupir sér ekki lyf þótt það þurfi á þeim að halda. Svöng börn fá ekki mat nema foreldrar þeirra eða forráðamenn eigi peninga til að greiða fyrir matinn. Enginn framleiðir til lengdar það sem enginn getur greitt. Þannig ræður tekjuskiptingin í heiminum ekki einungis því hver fær framleiðsluna, heldur líka því hvað er framleitt.

Ríku þjóðirnar, sem hafa mesta kaupmáttinn, kaupa tölvur, flatskjái, GSM-síma og DVD-spilara. Þær kaupa þessar vörur og hafa til þess fé og þess vegna eru flatskjáir framleiddir á sama tíma og fátækt fólk sem á ekki peninga getur hvorki keypt lyf, byggt skóla, greitt fyrir heilsugæslu né grafið brunna svo að



fjölskyldurnar geti fengið hreint drykkjarvatn. Fátækar þjóðir skortir allt þetta en þótt þörfin sé brýn og við vitum að aukin menntun og heilsugæsla sé forsenda þess að löndin verði ríkari í framtíðinni er þessi þjónusta ekki í boði. Löndin skortir tekjur til að greiða fyrir hana. Það sem er munaður hjá þeim er nauðsyn hjá okkur.

4. Hvernig eru ákvarðanirnar um framleiðsluna teknar?

Þær eru annaðhvort teknar á markaðnum af markaðsöflunum eða af stjórnvöldum.

Markaðsöflin

Ákvarðanir um það hvaða vörur eru framleiddar, hversu mikið af þeim er framleitt, hvernig þær eru framleiddar og fyrir hverja, eru oftast teknar á markaði. Það eru markaðsöflin sem taka þessar ákvarðanir. Markaðsöflin eru þetta víðfræga par sem kallast framboð og eftirspurn.

Framboð

Vilja framleiðendanna til að framleiða köllum við framboð og það kemur þannig fram að fyrirtækið setur ákveðið magn af vörum á markaðinn á ákveðnu verði. Háskólabíó tekur t.d. 1000 manns í sæti og vill selja bíómiðana á 1000 kr. stykkið.

Eftirspurn

Eftirspurnin er aftur á móti vilji einstaklinga, fyrirtækja eða opinberra aðila til að kaupa vörur og þjónustu á ákveðnu verði. Ef 100 bíómiðar seljast á 1000 kr. stykkið næsta þriðjudagskvöld klukkan átta í Háskólabíói, þá lýsir það eftirspurninni eftir þessari ákveðnu kvikmyndasýningu í Háskólabíói á þessum tíma þetta ákveðna kvöld.

Aukin eftirspurn hækkar verðið á markaðnum. Aukin eftirspurn eftir íbúðum í hverfi 101 í Reykjavík hækkar verðið þar meira en annars staðar. Þetta gerir byggingar íbúða á þessu svæði eftirsóknarverðari en byggingar íbúða í flestum öðrum hverfum borgarinnar. Þú græðir meira á því að selja dýrar íbúðir en ódýrar. Ef fleiri íbúðir verða byggðar á hafnarsvæðinu eða úti í Örfirisey, þá vex framboðið af íbúðum í hverfinu og þá gæti verðið lækkað og fleiri hefðu efni á að kaupa sér íbúð á svæðinu. Um þetta er þó ekkert hægt að fullyrða því að niðurstaðan byggist ekki eingöngu á framboðinu heldur einnig á eftirspurninni. Það er samspil framboðs og eftirspurnar sem ákveður verð og magn sem selt er og keypt á markaðnum á hverjum tíma.

Góð kartöfluuppskera leiðir til aukins framboðs og lægra verðs á kartöflum á frjálsum markaði. Lægra verð á kartöflum hefur í för með sér aukin kaup neytenda á kartöflum sem nú verða betri kostur en spagetti og hrisgrjón. Auk þess hafa fleiri ráð á því að kaupa sér kartöflur eftir að verðið hefur lækkað. Bóndinn er ekki eins kátur og neytendurnir því að góðærið hefur lækkað verðið til hans umtalsvert og hann getur e.t.v. ekki staðið straum af kostnaðinum við kartöfluræktunina.

Ef eftirspurnin eykst og verðið á markaðnum hækkar framleiðir framleiðandinn meira af vörunni því að verðhækkunin eykur gróða hans. Ef eftirspurnin minnkar og verðið lækkar þá framleiðir framleiðandinn minna því að hagnaður hans minnkar. Þannig stýra markaðsöflin framleiðslunni.

Markaðsöflin stýra framleiðslunni.

Gróðinn eða tapið sem er mismunurinn á heildarkostnaði og heildartekjum framleiðandans gefur framleiðandanum til kynna í hvers konar framleiðslu hann græðir eða tapar. Stundum getur hann fært sig úr þeirri framleiðslu þar sem gróðinn er minni yfir í þá framleiðslu þar sem gróðinn er meiri.

Þetta ætti að vera í samræmi við óskir neytendanna. Vilji þeirra endurspeglast í breytingum á eftirspurninni. Minni eftirspurn leiðir til lægra verðs sem minnkar síðan gróða framleiðandans. Þetta orsakar minni framleiðslu, lægri laun í greininni og leiðir til minni yfirvinnu eða uppsagna starfsfólks og atvinnuleysis.

Við þessar aðstæður færir vinnuaflid sig milli starfa. Vinnuaflid leitar til þeirra starfa þar sem launin eru hærri, gróðinn meiri og eftirspurnin meiri. Erlent vinnuafl streymdi til Íslands á fyrsta áratug tuttugustu og fyrstu aldarinnar því að hér voru lægstu launin margfalt hærri en þau laun sem greidd voru fyrir sömu störf, t.d. í Póllandi eða Kína. Auk þess var stórfellt atvinnuleysi í þessum löndum en skortur á vinnuafl í hér. Þannig taka markaðsöflin, framboð og eftirspurn, ákvarðanir um framleiðsluna fyrir okkur og breyta nýtingu framleiðsluáttanna í samræmi við óskir neytenda sem virðast stundum vera nær allsráðandi á markaðnum. Þegar síldin hvarf af Íslandsmiðum á árunum 1967 og 1968 varð hér mikið atvinnuleysi í kjölfarið, sérstaklega í byggingariðnaði. Þá fluttust þúsundir iðnaðarmanna frá Íslandi til Svíþjóðar og Danmerkur í atvinnuleit. Þannig færa markaðs-

öflin okkar milli vinnustaða, atvinnugreina og landa án þess að nokkurt stjórnvald þurfi að koma þar nærri.

Opinberir aðilar – stjórnvöld

Ákvarðanir um framleiðslu eru ekki alltaf teknar á markaði heldur af einhvers konar stjórnvaldi. Þetta vald getur verið ríkisstjórn, bæjarstjórn eða einhvers konar framleiðsluráð. Opinberir aðilar hafa yfir að ráða miklu fé sem þeir hafa af skatttekjum og lánum. Þegar þeir ráðstafa þessu fé skapa þeir eftirspurn eftir ótal tegundum af vörum og þjónustu sem þeir telja að þegnarnir hafi þörf fyrir.

Vonandi endurspegla slíkar ákvarðanir opinberra aðila vilja almennings. Ríki og sveitarfélög reisa leikskóla, framhaldsskóla, háskóla og sjúkrahús, byggja hafnir, flugvelli, vegi og virkjanir og reka síðan allar þessar stofnanir og halda við öllum þessum mannvirkjum. Þeir eru langstærstu atvinnurekendur á landinu með meira en 47.000 manns á launaskrá. Í fæstum tilfellum selja þeir okkur þjónustuna á kostnaðarverði, heldur greiða hana niður að mestu eða öllu leyti til þess að sem flestir geti nýtt sér hana.

Á þessu eru þó ýmsar undantekningar. Áfengisverslun ríkisins er gott dæmi um hið gagnstæða. Þar selja opinberir aðilar vörur langt yfir kostnaðarverði enda er áfengi ekki talin vara sem þörf er á að auglýsa eða greiða niður. Hluti af hagnaði ríkisins af sölu áfengis fer til að greiða fyrir heilbrigðisþjónustu, löggæslu eða félagsþjónustu. Þörfina fyrir slíka þjónustu má oft rekja til misnotkunar á áfengi. Deilt er um hvort ríkið hagnist í raun og veru nokkuð af áfengissölu þegar tillit hefur verið tekið til þess félagslega kostnaðar sem hlýst af óhóflegri áfengisneyslu.

Þrjár tegundir hagkerfa

Hverjir taka efnahagslegar ákvarðanir í þjóðfélaginu?

Hagfræðingar telja að það skipti máli hverjir taka efnahagslegar ákvarðanir í þjóðfélaginu. Þeir flokka hagkerfin eftir því hverjir taka slíkar ákvarðanir og hagkerfunum er þar af leiðandi skipt í þrjá eftirfarandi hópa:

Markaðskerfi er hagkerfi þar sem flestar ákvarðanir um framleiðslu eru teknar af markaðsöflunum, framboði og eftirspurn, eða með öðrum orðum á markaði.

Miðstýrt hagkerfi er hagkerfi þar sem flestar ákvarðanir um framleiðslu eru teknar af stjórnvöldum.

Blandað hagkerfi er hagkerfi þar sem sumar ákvarðanir um framleiðslu eru teknar á markaði en aðrar eru teknar af stjórnvöldum.

Öll raunveruleg hagkerfi heimsins eru blönduð. Til hvers þurfum við þá að þekkja hvað einkennir hreint markaðskerfi eða hreint miðstýrt hagkerfi?

Líkan af hreinu markaðskerfi lýsir því hvaða einkenni hagkerfi þarf að hafa til þess að markaðsöflin geti stjórnað framleiðslunni fullkomlega í samræmi við óskir neytendanna. Einkenni hreina markaðskerfisins eru eftirfarandi:

Hreint markaðskerfi

- Allar eignir sem einhverju máli skipta eru í einkaeign.
- Einstaklingarnir hafa valfrælsi. Þeir hafa rétt til að eiga og reka fyrirtæki. Þeir mega einnig selja eignir sínar og hafa af þeim tekjur.
- Markmið framleiðslunnar er hámarksgróði.
- Einkahagsmunir ráða gerðum einstaklinga og fyrirtækja á markaðnum.
- Hluttur ríkisins og opinberra aðila í framleiðslunni er hverfandi.
- Markaðsöflin beina framleiðsluþáttunum að þeirri framleiðslu sem neytendur vilja kaupa.
- Verð vöru og þjónustu sem og greiðslur fyrir framleiðsluþætti myndast á markaði af framboði og eftirspurn.

Þegar Sovétríkin hrundu árið 1991 kom berlega í ljós hve mikilvæg þessi einkenni markaðskerfisins eru til þess að markaðurinn geti starfað eðlilega. Þá ætluðu miklir bjartsýnismenn sér að snara hinu miðstýrða landi, Rússlandi, yfir í hreint markaðskerfi á 100 dögum, en tíminn sem ráðamenn settu sér til að ná þessu markmiði lengdist reyndar mjög fljótlega í 500 daga.

Ekkert einkenna markaðskerfisins var fyrir hendi í Sovétríkjunum gömlu árið 1991. Allar eignir sem einhverju máli skiptu voru í höndum opinberra aðila. Verð á vörum og framleiðslu-



Midstýrt hagkerfi

Þáttum var ákveðið af stjórnvöldum. Nú er liðinn langur tími frá falli Sovétríkjanna og enn eiga gömlu Sovétlýðveldin langa og grýtta leið fyrir höndum í átt til þess blandaða hagkerfis sem við þekkjum hér á landi, hvað þá í átt til þess hreina markaðskerfis sem lýst var hér að ofan.

Leið gömlu Sovétríkjanna frá midstýrðu hagkerfi til markaðskerfis tekur trúlega heilan mannsaldur. Sú viðhofsþreying sem þörf er á mun ekki verða ríkjandi til fulls fyrir en með nýrri kynslóð. En hvers konar hagkerfi voru Sovétríkin sálugu?

- ❖ Allar eignir sem einhverju máli skiptu voru í höndum ríkisins.
- ❖ Markmið framleiðslunnar var ekki hámarks gróði, heldur að uppfylla einhverja fyrir fram skilgreinda þörf, t.d. að sjá öllum börnum undir skólaaldri fyrir leikskólaplássi frá ákveðnum aldri eða að tryggja hverjum þúsund íbúum ákveðinn fjölda lækna.
- ❖ Í stað framboðs og eftirspurnar kom áætlanagerð. Stjórnvöld ákváðu verð á vörum og framleiðsluþáttum og þar með öll laun í landinu. Verðið tók ekki mið af kostnaði við framleiðsluna, heldur af því hversu nauðsynleg varan var talin vera að mati stjórnvalda. Nauðsynlegir hlutir eins og bækur, hljómplötur, matur, húsnæði og flest hráefni, t.d. olía, voru afar ódýr og menntun og heilbrigðisþjónusta voru ókeypis. Munadarvörur, t.d. myndbandstæki, sem hægt var að kaupa fyrir dollara á svörtum markaði eða í svokölluðum dollarabúðum gátu verið á sama verði og þrjár íbúðir. Íbúðir voru nauðsynlegar og þess vegna ódýrar en myndbandstækin voru talin óþarfi og þetta réði verðlagningunni. Skortur var á vörum, svo sem á bílum og húsnæði, en skorturinn leiddi ekki til verðhækkana og aukins framboðs á bílum og húsnæði eins og í markaðskerfinu, heldur leiddi skorturinn hér eingöngu til lengri biðraða og okurverðs á svörtum markaði.
- ❖ Framleiðendur í þessu kerfi högnuðust ekki á því að leggja sig fram eða hagraða í rekstrinum. Í markaðskerfinu er innbyggð hvatning til framleiðenda um að reka fyrirtækin vel og hagraða í rekstrinum. Þar ráða einkahagsmunir og

gróðasjónarmið ferðinni og því betur sem fyrirtækið er rekið, þeim mun meiri hagnað hlýtur eigandinn. Í midstýrðum hagkerfum Sovétríkjanna sálugu var fyrirtækjunum skammtaður ákveðinn fjöldi framleiðsluþátta sem átti að duga til að framleiða ákveðið magn af einhverri vöru, t.d. af skóm. Ef menn gerðu betur og framleiddu fleiri skópör með því hráefni, vélum og vinnuafli sem þeim hafði verið skammtað, þá fengu þeir einfaldlega færri framleiðsluþætti næst. Fyrirtækjunum var sem sé oft refsað fyrir að leggja sig fram.

Öll raunveruleg hagkerfi heimsins eru blanda úr þessum tveimur tegundum hagkerfa. Það fyrirfinnst hvorki hrein markaðskerfi né hrein midstýrð hagkerfi. Þetta stafar einfaldlega af því að bæði þessi kerfi skortir getu til þess að leysa öll þau verkefni sem nútímapjóðfélag þarf að leysa af hendi. Markaðurinn getur aldrei séð um að tryggja öllum þegnum þjóðfélagsins skólagöngu og heilbrigðisþjónustu og midstýrt kerfi getur aldrei brugðist nægilega fljótt við breytingum á framboði og eftirspurn þannig að hægt sé að tryggja það mikla vöruúrval sem neytendur ríkra samfélaga vilja geta valið úr.

Hreint markaðskerfi og hreint midstýrt hagkerfi eru líkön eða mælistukur sem við notum til að greina einkenni raunverulegra blandaðra hagkerfa.

Það er mikill munur á hagkerfum heimsins hvað snertir þátttöku opinberra aðila í framleiðslunni og menn greinir á um hver sé æskileg hlutdeild hins opinbera og hvaða starfsemi eigi að vera hjá einkaaðilum þegar kemur að ákvarðanatöku um framleiðsluna og skiptingu hennar. Slíkt er pólitískt álitamál sem snertir fyrst og fremst spurninguna um skiptingu teknanna og vilja og getu þjóðfélagsins til að skapa öryggisnet fyrir þá sem ekki geta bjargað sér á markaðnum, t.d. vegna atvinnuleysis, aldurs, veikinda, slysa eða fötlunar. Í Vestur-Evrópu hefur þetta öryggisnet verið einna þéttast á Norðurlöndunum. Þeir sem hallast að því að markaðurinn sé yfirleitt betri kostur í framleiðslunni en opinber rekstur hafa á undanföllum áratugum beitt sér mjög fyrir einkavæðingu, jafnt hér á landi sem annars staðar.

Markaðsvæðingin og einkavæðingin í Evrópu eru tvær greinir

Blönduð hagkerfi

ar á sama meiði og eru að hluta til tilraunir Evrópuþjóðanna til að líkja í efnahagslegu tilliti eftir Bandaríkjunum. Slíkt er skiljanlegt þar sem afköst á mann í Bandaríkjunum eru með því hæsta sem þekkest í veröldinni. Það er því eðlilegt að Evrópuþjóðirnar reyni að taka þau sér til fyrirmyndar efnahagslega. Skipting tekna er þar einnig með allt öðrum hætti en við eigum að venjast og ójöfn tekjuskipting og öryggisleysi vinnandi fólks hefur sínar dökku hliðar sem koma ekki fram í mældri þjóðarframleiðslu á mann.

Mikið hefur verið gert úr ósveigjanleika vinnumarkaðsins í Evrópu og er réttindum og öryggi verkafólks m.a. kennt þar um hátt atvinnuleysisstig. Þessar skýringar á háu atvinnuleysisstigi í Evrópu hafa orðið til þess að reynt hefur verið að draga úr valdi verkalyðsfélaga og minnka réttindi verkafólks bæði hér á landi sem annars staðar í Evrópu. Enginn vafi er á því að einkavæðing, markaðsvæðing og hnattvæðing eykur völd og styrk atvinnulífsins. Menn deila um hversu æskileg eða óæskileg slík þróun sé í Evrópu.

Markaðsvæðing eða opinber rekstur?

Opinber rekstur á ekki við á samkeppnismörkuðum þar sem mörg fyrirtæki keppa um hylli neytendanna. En ef einkarekstur býr við einokunaraðstæður, t.d. þar sem stærðarhagkvæmni er mikil og markaðurinn smár eða þar sem fá fyrirtæki eru í greininni og samkeppnin víðs fjarri, þá þurfa opinberir aðilar að tryggja með virku eftirliti og löggjöf að hagsmunir neytenda séu ekki fyrir borð bornir.

Stundum hefur framleiðsla einkafyrirtækja í för með sér almannahag sem nýtist ekki beint fyrirtækinu sjálfu en kemur samfélaginu til góða. Þjóðfélagslegar nýttar af slíkri starfsemi eru ekki teknar með í reikninginn þegar þjónustan er veitt af einkaaðilum sem eiga eingöngu að hugsa um hverju starfsemi skilar í vasa eigenda fyrirtækjanna. Þá er hætt við að minna verði framleitt á markaði en það sem er þjóðhagslega hagkvæmt. Menntun sem greitt er fyrir á kostnaðarverði er gott dæmi um þetta. Flensubólusetningar draga ekki eingöngu úr líkum þess að þeir bólusettu veikist, heldur minnka þær einnig líkurnar á að þeir sem ekki láta bólusetja sig smitist. Fylgi á hinn bóginn framleiðslu einkafyrirtækis þjóðfélagslegur kostnaður sem fyrirtækið þarf ekki að greiða, svo sem mengun eða náttúruspjöll, er

hætt við að meira verði framleitt en það sem talist getur þjóðfélagslega hagkvæmt. En opinber rekstur tryggir því miður ekki að tekið sé tillit til þjóðfélagslegs umframkostnaðar í framleiðslunni. Skelfileg náttúruspjöll og mengun í miðstýrðum hagkerfum gömlu Sovétríkjanna er nærtæk sönnun þess.

Það er ekki hægt að halda því fram að einkarekstur sé í sjálfu sér betri eða verri kostur en rekstur í eigu ríkisins eða sveitarfélaganna. Sum starfsemi er einfaldlega betur komin í höndum einkaaðila og önnur starfsemi er betur komin í höndum opinbera. Markmið fyrirtækja og stofnana ráða hér miklu svo og aðstæður á markaði hverju sinni. Hvert einstakt tilfelli verður að skoða og velja ætíð það rekstrarform sem skilar neytendum lægsta vöruverðinu og bestu þjónustunni. Það má aldrei gleymast að endanlegt markmið framleiðslunnar er hvorki opinber rekstur, einkarekstur, einkavæðing, markaðsvæðing eða hnattvæðing, heldur það að hámarka lífskjör almennings. Vilji menn meta hvort opinber rekstur eða einkavæðing ákveðinnar starfsemi sé til góðs þarf að huga að því hvort rekstrarformið skili neytendum lægra verði á vörum og þjónustu og/eða betri þjónustu og auknum gæðum. Það er eini mælikvarðinn sem mark er takandi á.

Verkefni

- 1 Hvaða fjórum grundvallarspurningum um starfsemi hagkerfisins reynir hagfræðin að svara?
- 2 Hvað er markaður og hver eru markaðsöflin? Lýstu því hvernig markaðurinn stýrir nýtingu framleiðsluáttanna með því að færa þá til þeirrar framleiðslu sem neytendur vilja kaupa og frá þeirri framleiðslu sem neytendurnir hafa ekki áhuga á.
- 3 Hvað er átt við með hreinu markaðskerfi og hver eru helstu einkenni þess?
- 4 Hvað er átt við með hreinu miðstýrðu kerfi og hver eru helstu einkenni þess?
- 5 Hvers vegna eru öll hagkerfi veraldarinnar blönduð hagkerfi?

Adam Smith, faðir hagfræðinnar

4

Adam Smith

Adam Smith (1723–1790) fæddist í þorpinu Kirkcaldy í Skotlandi. Hann var sonur einstæðrar móður því að faðir hans lést áður en hann fæddist. Fjögurra ára gömlum var drengnum rænt. Sígaunar höfðu hann á brott með sér og það var einungis að þakka skjótum viðbrögðum frænda hans sem elti þá uppi að frægasta hagfræðingi heimsins var bjargað þar sem hann lá einn og yfirgefinn í skurði fyrir utan veg þar sem sígaunarnir höfðu skilið hann eftir á flóttanum.

Adam Smith var ekki laglegur maður. Hann hafði leiðinda-kæk – hann hristi höfuðið og skók það í sífellu og hann stam-aði. En hér sannaðist að það er ekki alltaf að marka útlitið, Adam var miklum gáfum gæddur. Hann var settur til mennta í Oxford og dvaldist þar í sex ár. Þegar hann var tuttugu og átta ára gamall fékk hann kennarastöðu við háskólann í Glasgow og reyndist afburðakennari. Hann þótti nokkuð byltingasinnaður í kennsluháttum og vildi til dæmis ekki biðjast fyrir í byrjun hverrar kennslustundar eins og alsiða var á þessum tíma.

Árið 1759 gaf hann út bók um heimspeki, *The Theory of Moral Sentiments* (Kenningin um siðgæðisviðhorfin). Bókin fjallar um það hvernig mennirnir, sem eru í edli sínu eiginhagsmunaseggir, geta komist að siðferðislegri niðurstöðu þar sem einkahagsmunir eru látnir víkja. Adam taldi að ástæðan væri sá hæfileiki mannsins að geta sett sig í spor annarra og komast þannig að niðurstöðum sem byggðu á staðreyndum málsins út frá siðgæðisviðhorfum en ekki út frá einkahagsmunum.

Bókin vakti mikla athygli og vegna áhrifa hennar var Adam ráðinn til að kenna ungum aðalsmanni og ferðast með honum



Adam Smith 1723–1790